



# FLÓRGOÐINN

## FRÉTTABRÉF ÁSLANDSSKÓLA

3. tbl. 16. árgangur



### FIÖGUR ÁR Í RÖÐ SIGUR Í VEISTU SVARIÐ



#### FRAMÚRSKARANDI FRAMMISTAÐA

Óhætt er að segja að andrúmsloftið hafi verið rafmagnað í Bæjarbíói sl. miðvikudagskvöld þann 5. apríl. Þá fór fram úrslitaviðureign Áslandsskóla og Víðistaðaskóla í spurningakeppni grunnskólanna, Veistu svarið.

Úrslit réðust í síðustu spurningunni en að henni lokinni var ljóst að Áslandsskóli hafði sigrað með einu stigi í æsispennandi keppni. Fulltrúar okkar, þau María Kristjana Gunnarsdóttir Smith, Bjarki Steinar Víðarsson og Þráinn Örn Jónsson, stóðu sig framúrskarandi vel enda vel þjálfuð af Garðari Guðmundssyni kennara. Varamenn og æfingafélagar liðsins voru þau Þorfinnur Máni Björnsson, Svavar Valsson og Kristín Ylfa Guðmundsdóttir þetta er fjórða árið í röð sem Áslandsskóli sigrar í Veistu svarið. Enginn skóli hefur sigrað oftar.

Allra bestu hamingjuóskir til liðsins okkar.

### TAKK FYRIR AÐ LEGGJA ÞITT LÓÐ Á VOGARSKÁLAR GOTT EN ÖGRANDI STARFSUMHVERFI

Nemendur, foreldrar og starfsfólk

Menningardagar Áslandsskóla eru ár hvert uppskera mikillar, faglegar og vel skipulagðrar vinnu nemenda og starfsfólks. Menningardagar Áslandsskóla sýna ár hvert hugmyndaauðgi, sköpunargleði og framtakssemi nemenda og starfsfólks.

Menningardagar Áslandsskóla eru ár hvert merki um samtakamátt, samhug og samvinnu nemenda og starfsfólks. Menningardagar Áslandsskóla bera ár hvert vott um hve Áslandsskóli er ríkur af framúrskarandi starfsfólki og einstökum nemendum.

Uppskeyra fjórtándu menningardaga Áslandsskóla var í gær. Fullt hús af glaðlegum nemendum, einbeittu starfsfólki,

áhugasömum foreldrum, ömmum og öfum með blik í auga, systkinum, frænkum og frændum.

Vænst þykir mér samt alltaf að hitta "gamla" nemendur skólans sem eru duglegir að vitja skólans síns.

Góður skóli hefur starfsfólk sem skapar nemendum sínum gott en ögrandi starfsumhverfi. Hvetur áfram, leiðsinnir, leggur til ráð og leiðir og sýnir umhyggju. Góður skóli hefur líka foreldra sem sýna skólstarfinu áhuga og skilning, styðja við bakið á sínum börnum, tala vel um skólaumhverfið og starfið í heild og taka þátt. Framúrskarandi starfsfólk, góður og jákvæður agi, gott skipulag og öflugt samstarf heimila og skóla skilar okkur góðum Áslandsskóla.

Takk fyrir að leggja þitt af mörkum. Gleðilega páska





## TÓNLIST OG SÖNGLEIKIR

MENNINGARDAGAR ÁSLANDSSKÓLA 2017

Gríðarlegur fjöldi gesta sótti okkur heim á menningardaginn, 6. apríl.

Gestir gengu um skólann og virtu fyrir sér framúrskarandi vinnu nemenda á göngum og í kennslustofum.

Óhætt er að segja að skólinn hafi verið glæsilegur að vanda enda mikill metnaður lagður í

undirbúning menningardaga í Áslandsskóla ár hvert.

Á sal skólans voru margskonar sýningar en ein af hefðum menningardaga er að nemendur í 3. bekk sýna söngleik, sem í ár var Ævintýrin gerast enn undir stjórn Erlu Maríu sviðslistakennara og umsjónarkennaranna Guðnýjar, Berglindar og Önnu Kristínar.



## SUMARDAGURINN FYRSTI

Sumardagurinn fyrsti, einnig kallaður Yngismeyjardagur, er fyrsti dagur Hörpu, sem er fyrstur af sex sumarmánuðum í gamla norræna tímatalinu. Sumardaginn fyrsta ber alltaf upp á fimmtudag á tímabilinu frá 19.-25. apríl (það er fyrsta fimmtu-

dag eftir 18. apríl). Sumardagurinn fyrsti var lengi messudagur eða til 1744.

Íslensk þjóðtrú segir að ef sumar og vetur frjósi saman boði það gott sumar, en með því er átt við að hiti fari niður fyrir frostmark aðfaranótt

sumardagsins fyrsta. Í Sögu daganna - hátíðir og merkisdagar (bls. 50, 2. útg., 1977) eftir Árna Björns-son, þjóðháttafræðing, segir um sumardaginn fyrsta:



# TÓNLIST OG SÖNGLEIKIR

HVAÐ FÓR FRAM Á SAL Á MENNINGARDÖGUM

12:00 Setning

Nemendur í 7. bekk sýndu dans, nemendur í 2. bekk, hópur A og hluti úr hópi D léku á blokkflautu, nemendur í 1. bekk sýndu dans, nemendur í 8. og 9. bekk sýndu brot úr söngleikjum, nemendur í 4. bekk sýndu dans og loks söngleikurinn Ævintýri gerast enn hjá nemendum í 3. bekk.

14:00

Skólakór Áslandsskóla flutti tvö lög, nemendur í 1. bekk sýndu dans,

nemendur í 2. bekk, hópur B og hluti úr hópi D léku á blokkflautu, nemendur í 5. bekk fluttu lag, nemendur í 4. bekk sýndu dans, nemendur í 8. og 9. bekk sýndu brot úr söngleikjum

15:30

Nemandi í 10. bekk lék lag á pianó, nemendur í 6. bekk fluttu lag, nemendur í 2. bekk, hópur C lék á blokkflautu, nemendur í 8. og 9. bekk sýndu brot úr söngleikjum, nemendur í 7. bekk sýndu dans og loks öngleikurinn Ævintýri gerast enn hjá nemendum í 3. bekk.



## MYNDIR

Myndir á þessari opnu eru frá fullveldisratleik og fjölgreindaleikum



## SUMARDAGURINN FYRSTI

Hvarvetna var fylgst með því, hvort frost væri aðfararnótt sumardagsins fyrsta, þ.e. hvort saman frysti sumar og vetur. Yfirleitt var það talið góðs viti og jafnvel álitid að rjóminn ofan á mjólkurtrogunum yrði jafn þykkur og ísskánin á vatninu þessa nótt. Í því skyni settu menn skál eða skel með vatni út um kvöldið og vitjuðu svo

eldsnefma morguns.

Hvað átt er við með góðu sumri í þjóðtrúnni er nokkuð á reiki, en hugsanlega er einkum átt við að nyt búpenings verði góð, sem verður þegar taðan er kjarnmikil. Ef engjar og tún eru seinsprottn verða hey oft kjarngóð og því ætti nytin einnig að verða góð. Slíkt gerist þegar svalt er

og vott framan af sumri, en síðan hlýrra og þurr og kann þjóðtrúin að vísa til þess að þegar vorið er kalt þá er oftast frost á sumardaginn fyrsta sem leiðir líkum að því að sumarið verði seinna á ferðinni. Þá er allur gróður einnig seinni að taka við sér, en það gerir grösín kjarnbetri og bætir nyt búpenings.



## SKÓLAHREYSTI

FRÁBÆR FRAMMISTAÐA HRAUSTRA NEMENDA

Nemendur úr Áslandsskóla tóku þátt í Skólahreysti en keppnin fór fram í íþróttahúsinu í Keflavíkurluta Reykjanesbæjar á dögum.

Óhætt er að segja að liðsmenn Áslandsskóla hafi staðið sig afskaplega vel með krafti, áræðni, orku og dugnaði í þeim þrautum sem lagðar voru fyrir nemendur.

Fór svo á endanum að Áslandsskóli hafnaði í fjórða sæti í riðlinum sem ávallt hefur verið talin sá sterkasti í keppninni. Fyrir ofan okkur voru þrjár skólar af Reykjanesi, skólar sem hafa skólahreystibraut á bæjarhlaðinu og leggja mikla vinnu í æfingar fyrir Skólahreysti.

Lið Áslandsskóla skipuðu Ásmundur Arnar Ólafsson, Hákon Aðalsteinsson, Dagbjört Bjarnadóttir og Elín Ragnarsdóttir. Varamenn voru Lana Björk Kristinsdóttir og Friðrik Snær Óskarsson og þjálfari og liðsstjóri var Bergþór Stefánsson íþróttakennari.

Til hamingju með frábæran árangur.

## HJÓL

## UMFERÐ EYKST

VERUM TIL FYRIRMYNDAR

Núna fara fleiri nemendur að koma á reiðhjólum í skólann. Gæta þarf að því að öryggisbúnaður þeirra sé í lagi sem og notkun reiðhjólshjálma. Á þessari síðu er hægt að skoða fræðslu um n d b ö n d um hjólreiðar ht t p : // w w w . samgongustofa. is / umferd / fraedsla - og - oryggi / fraedsla / reidhjol / og í þessum ágæta bæklingi er m.a. hægt að fræðast um atriði sem hafa ber í huga varðandi hjólreiðahjálma ht t p s : // w w w . landsbjorg. is / assets / myndir / umferd / us - hjalmar % 20baeklingur % 20lok % 202006. pdf.

Nú er daginn tekið að lengja og þá vex umferð barna í umferðinni, bæði við leik og á leið til og frá skóla.

Við hvetjum ykkur til að nýta góða veðrið og ganga eða hjóla í skólann með börnunum ykkar svo fækka megi bílum sem aka að skólanum á morgnana. Að vera börnum sínum góð fyrirmynd í umferðinni er öflugasta fræðslan ásamt því að kenna þeim um lög og reglur sem eru í gildi.



## Á döfinni

APRÍL & MAÍ

20

APRÍL

Þáskafrí hefst 8. apríl

Kennsla hefst eftir páska 18.

apríl

Sumardagurinn fyrsti 20. apríl

4

5

13

MAÍ

Verkalýðsdagurinn 1. maí

Sveigjanlegur dagur í yngri og miðdeild 10. maí

Uppstigningardagur 25. maí

Skipulagsdagur 29. maí

# ÁSLANDSSKÓLI

Kríuási 1

221 Hafnarfirði

S: 585 4600

Netfang: aslandsskoli@aslandsskoli.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Flórgoðans:

LEIFUR S. GARÐARSSON

Skólastjóri